

Ed.

## 84. Frumvarp til laga

[72. mál]

um breyting á umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

### 1. gr.

Við 86. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 55 12. maí 1970, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Vátryggingafélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 70. gr., skulu greiða 1½% af iðgjaldatekjum þeirra vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja til umferðarslysavarna, er renni til Umferðarráðs. Skulu framlög þessi greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör fer fram, þegar ársreikningar hvers félags liggja fyrir. Það, sem á kann að vanta til þess að þessar tekjur nægi til að standa undir rekstri Umferðarráðs, greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með breytingu á umferðarlögum á árinu 1970 voru lögfest ákvæði um Umferðarráð, sem sett hafði verið á stofn í ársbyrjun 1969. Í lögum þessum voru eigi ákvæði um fjármögnun til starfsemi ráðsins, en gert var ráð fyrir því, að sá kostnaður greiddist úr ríkissjóði, að því leyti sem aðrir aðilar stæðu eigi undir honum.

Verkefni Umferðarráðs eru mörg og margvísleg, en vegna fjárskorts hefur ráðið ekki getað framkvæmt þau nema að takmörkuðu leyti. Hitt er hins vegar óumdeilanlegt, að þau verkefni, sem Umferðarráð hefur getað sinnt fram til þessa, hafa stuðlað að bættri umferðarmenningu og átt sinn þátt í að draga úr slysum í umferðinni og vekja vegfarendur til umhugsunar um umferðar- og öryggismál og þann mikla vanda, sem á þessu sviði er við að stríða.

Til að bæta úr brýnni fjárförf til umferðarslysavarna er hér lagt til, að hluti (1½%) af iðgjaldatekjum vegna lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja, þ. e. brúttóiðgjöld að frádregnum afslætti (bónus), skuli renna til Umferðarráðs í þessu skyni. Heildariðgjöld ábyrgðartrygginga tilheyrandi árinu 1976, sem er síðasta árið, sem tölur liggja fyrir um, námu 1235 millj. kr. Ef þessi ákvæði hefðu verið í gildi á yfirstandandi ári, hefðu því 18.5 millj. kr. gengið til umferðarslysavarna auk framlags til Umferðarráðs á fjárlögum, sem nemur 19 263 þús. kr.

Með þessum tekjustofni, ef að lögum verður, ætti að vera skapaður grundvöllur fyrir aukinni starfsemi Umferðarráðs, enda er ekki gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs falli niður, þótt þessi tekjustofn verði upp tekinn.

Ekki er óeðlilegt, að vátryggingafélög þau, sem leyfi hafa fengið til reksturs þessarar tryggingargreinar, greiði þetta framlag, því að ætla verður, að með aukinni starfsemi Umferðarráðs á sviði umferðarslysavarna dragi úr tjónum af völdum ökutækja og þeim fækki og umferðin í heild verði öruggari.

Gert er ráð fyrir því, að ákvæði um framlag vátryggingafélaga taki gildi við upphaf næsta árs, miðað við iðgjöld þeirra á yfirstandandi ári.